# Landamerkjamálin
# Bústaðir - Laugarnes & Kleppur 1890-1891

Aðfnr. 1366, örk 7

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Justitiarius og assessores
í hinum konunglega ís-
lenzka landsyfirrjetti

Gjöra kunnugt: Ár 1891, mánudaginn hinn 6. júlímánaðar var landsyfirrjetturinn sett-ur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Landfógeti A. Thorsteinsson lagði fram brjef, dags. 2. þ. m., með hverju honum er skipað að gegna í fjærveru assessors Jóns Jenssonar sem 2. assessor og dómsmálaskrifari.

Var þá tekið fyrir:

málið nr. 18/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen.

Fyrir hönd áfrýjanda mætti yfirrjettarmálafærslumaður Hannes Hafstein og lagði fram, nr. 1: stefnu, nr. 2: akt í málinu með nr. 3: yfirdómsgjörðum, nr. 4: merkjadómsgjörðum, með þartil heyrandi skjölum, sem fylgja in originali, nr. 5-16, nr. 17: sókn í málinu dags. í dag, nr. 18: brjef frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. maí þ. á. Rjettarskjölin nr. 2-16 fylgja dómsgjörðunum in originali, en nr. 1 og nr. 17-18 hljóða svo:

Nr. 1:

Justitiarius og assess-
ores í hinum konunglega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íslenzka yfirdómi

kunngjöra: Oss hefur tjáð bæjarfógeti Halldór Daníelsson fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, að bæjarstjórnin sjái sig knúða til að áfrýja til yfirdómsins dómi kveðnum upp af merkjadómi í Kjósar- og Gullbringusýslu 19. þ.m. í máli milli hennar og kaupmanns H. Th. A. Thomsen, útaf landamerkjum milli jarðanna Laugarness og Bústaða, sem með dómi landsyfirrjettarins, gengnum 8. desbr. f.á., var vísað heim til merkjadómsins til nýrrar dómsáleggingar, en í hinum nýja dómi merkjadómsins frá 19. þ.m. er dæmt rjett að vera:

"Máli þessu vísast frá.

Málskostnað, 14, fjórtán - krónur, greiði málsspartar hvor að helmingi.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá hans löglegri birtingu, undir aðför að lögum."

Mun áfrýjandi krefjast þess fyrir yfirdómi, að dómur þessi verði að öllu leyti ómerkur dæmdur, málinu á ný heimvísað til dómsáleggingar í aðalefni þess, og dómendur skyldaðir til undir daglegar þvingunarsektir að uppkveða dóm í málinu innan hæfilegs frests. Svo mun hann og krefjast þess, að dómendur í merkjadóminum verði dæmdir og sektaðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir strangleik laganna fyrir rjettarnéitun þá og mótþróa, er felst í hinum áfrýjaða dómi. Enn mun hann krefjast þess, að dómendur í merkjadóminum verði hver um sig látnir sæta lögákveðnum sektum, 200 lóðum silfurs, fyrir það, að þeir hafa að ástæðulausu látið fyrirfarast í allt að 20 vikur, eða 14 vikur fram yfir það er lög leyfa, að uppkveða dóm í málinu, og loks mun hann krefjast, að merkjadómendur verði in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða að skaðlausu allan af málskoti þessu og uppsögn hins áfrýjaða dóms leiðandi kostnað, og allan kostnað við nýja fyrirtekt málsins að skaðlausu.

Fyrir því stefnist hjermeð kaupmanni H. Th. A. Thomsen í Reykjavík til þess að mæta fyrir oss í hinum kgl. íslenzka yfirdómi mánudaginn 6. júlí næstkomandi á venjulegum stað og stundu, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, á framsögu sakar og rjettarkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola í þá átt, sem að ofan er greint, eptir nákvæmari útlistun fyrir rjettinum.

Svo stefnist og dómendunum í merkjadóminum, sýslumanni Franz Siemsen í Hafnarfirði, og bændunum Gísla Gíslasyni í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leirvogstungu, Halldóri Jónssyni í Þormóðsdal, Þórði Runólfssyni í Móum á Kjalarnesi og Þórði Guðmundssyni á Hálsi í Kjós, til þess að mæta á sömu stund og stað, til þess þar og þá að hlýða á kæru, svara til sakar og þola dóm til hegningar, málskostnaðar og annara útláta, allt eptir því sem áður er fram tekið.

Lögdagslegging er úr lögum numin með tilsk. 3. júní 1796.

Til staðfestu er innsigli yfirdómsins og undirskript dómsmálaritarans.

Reykjavík 30. maí 1891

Stefnugjald: 83 - (L. S.)

áttatíu og þrír aura. Jón Jensson

J. J.

Ár 1891, 8. júní vorum við eiðsvarnir stefnuvottar til staðar að Móum á Kjalarnesi, og birtum við þar Þórði bónda Runólfssyni framanritaða stefnu á hans lögheimili. Þetta vottum við í krapti eiðs okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

E. Magnússon (L. S.) Jón Jónsson (L. S.)

Ár 1891 þriðjudaginn 9. júní var af stefnuvottum í Kjósarhrepp birt framanrituð kæra hreppstjóra Þórði Guðmundssyni á Neðrahálsi í Kjós. Þetta vottum við með stefnuvotta eiði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og nöfnum okkar.

Jón Guðmundsson Ólafur Jónsson

Ár 1891 fimmtudaginn 11. júní höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit í Kjósarsýslu birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu bændunum Gísla Gíslasyni í Leirvogstungu og Halldóri Jónssyni í Þormóðsdal, persónulega á heimilum þeirra.

Þetta vitnum við í krapti stefnuvottaeiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Árnason Erlendur Þorsteinsson

Borgun 2.50. (L. S.) (L. S.)

tvær krónur og fimmtíu aurar borgað.

Ár 1891, laugardaginn hinn 13. júnímánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Garðahreppi birt framanritaða landsyfirrjettarstefnu á heimili hins stefnda, herra sýslumanns Franz Siemsens í Hafnarfirði hjer í hreppi, fyrir hinum stefnda sjálfum, er við fundum heima. Þetta vitnum við með skírskotun til eiða þeirra, er við höfum unnið, og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Gjald kr. 1 M. Brynjólfsson Filippus Filippusson

borgað (L. S.) (L. S.)

M. B.

Ár 1891 þriðjudaginn hinn 16. júnímánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða yfirdóms-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stefnu kaupmanni H. Th. A. Thomsen persónulega í sölubúð hans hjer í bænum. Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Borgun 1 kr. Þ. Björnsson Þorsteinn Gunnarsson
ein króna (L. S.) (L. S.)
Þ. B. Þ. G.

Framlagt í landsyfirdóminum 6. júlí 1891
A. Thorsteinsson
settur

Nr. 17:

Málið: Bæjarstjórn Reykjavíkur
eigandi Laugarness
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Jeg leyfi mjer hjermeð að leggja fram fyrir hinn háa yfirdóm:

1. Stefnu, dags. 30. maí síðastl. með áritaðu birtingarvottorði

2. Dómsgjörðir frá merkjadómi í Kjósar- og Gullbringusýslu, 19. maí þ. á. með 1 fylgiskjali (brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, dags. 22. maí þ. á.

Sem fylgiskjöl við þennan akt framleggjast eptirfylgjandi skjöl:

3. Yfirrjettargjörðir í málinu

4 fyrri dómsgjörðir merkjadóms, með skjölum er þeim fylgja in originali; skal jeg svo fara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fáeinum orðum um hið fyrirliggjandi mál.
Það er stutt yfir sögu að fara; eptir að landsyfirdómurinn hinn 8. desbr. f.á. hafði dæmt ómerkan landamerkjadóm í máli þessu frá 28. júní f.á. og vísað málinu heim til landamerkjadómsins aptur, voru sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu sem oddvita dómsins sendar dómsgjörðir landsyfirrjettarins og önnur skjöl málsins, með kröfu um að merkjadómurinn tæki málið að nýju til dómsálegginga í aðalefninu, samkvæmt landsyfirrjettardómnum. Einsog sjest af framlögðu brjefi sýslumannsins voru skjölin send honum 31. desbr. f.á., en loks hinn 19. maí á merkjadómurinn fund með sjer og upptkveður þá þann dóm, að þarsem sami dómur eptir almennum rjettarfarsreglum __hvorki__ hafi __heimild__ til nje sje __bær__ um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess, þá beri að vísa málinu frá [merkjadóminum].
Jeg veit ekki hvern mun merkjadómurinn í þessu sambandi gjörir á því að "hafa heimild til" og vera "bær um". Kanske "heimildin" eigi að merkja "competence" og hitt "habilitet". Það er ekki gott að fylgja flugi merkjadómsins. En annaðhvort hlýtur að vera, að hann álíti sinn fyrra dóm standa jafn óraskaðan eptir sem áður, þóað hann hafi verið marklaus gjör fyr-

ir lögleysur, eða telji sig svo "krenktan", líklega af þeim vinnandi mótparti, að hann hljóti af sjálfsdáðum að lýsa sig inhabil.

Að merkjadóminum sje "incompetent" til að dæma í málinu, þó að hann áður hafi kveðið upp í því dóm, sem yfirdómur hefur ónýtt fyrir lögleysu að efni til, nær nú naumast neinni átt; það er auðvitað, að heimvísun fyrir lögleysu að efni til er undantekning, að því er einkamál snertir; en þessi undantekning er einmitt lögheimiluð og lögskipuð með skýrum og ótvíræðum orðum í 12. gr. landamerkjalaganna 17. marz 1882, og meðan sú grein er í lögum, má að líkindum einu gilda, hvort hinum heiðraða merkjadómi virðist fyrirmæli hennar vera samkvæm því, er hann telur "almennar rjettarfarsreglur". "Almennar rjettarfarsreglur" eru gefnar af almennu löggjafarvaldi, alveg eins og landamerkjalögin; en hið fyrra "Begrb." í munni merkjadómsins er talsvert óákveðnara.

Að því er hitt atriðið snertir, að merkjadómurinn hafi talið sig "inhabil", skal jeg að eins taka fram, að afleiðingin af því, að dómari viðurkennir sig "inhabil", er ekki sú, að hann vísi málinu frá, heldur vísi sjálfum sjer frá, ef svo mætti að orði kveða, þ. e. víki sæti í málinu með úrskurði. Að láta inhabilitet dómara varða frávísun er alveg originalt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það hefði sannarlega ekki verið mikill vandi fyrir hinn heiðraða merkjadóm að uppkveða dóm í málinu, með því að dómur hins háa landsyfirdóms tekur fyllilega fram, hvað verði að álítast löglega sannað. Samt sem áður hefur dómsuppsögn dregist allt að 20 vikum eptir að skjöl málsins og krafa um fullnæging yfirrjettardómsins var komin til dómsoddvitans. Það verður að álítast, að málið hafi verið upptekið til dóms eo ipso við annullationina, því að við annúllatiónina verður sama rjettarástand, einsog dómur hefði aldrei verið uppkveðinn, enda hafa merkjadómendur skoðað þetta þannig, og dæmt málið, án þess að það væri upptekið af nýju, í beinu áframhaldi af fyrri meðferð. Skylda dómenda til að hafa málið ekki lengur en 6 vikur (í allra hæsta lagi 12 vikur undir vissum kringumstæðum, sbr. 23. grein í tilsk. 3. júní 1796) - til yfirvegunar og dómsáleggingar, hlýtur að verða aktuel á ný, þegar málið og dómur landsyfirrjettarins og krafa bæjarstjórnarinnar var komin til hins löglega representants dómsins, og hefur merkjadómurinn eða í öllu falli oddviti dómsins þannig bakað sjer sektina, er 1. 5. 8, sbr tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. fyrirskipar, og verð jeg að halda þeirri kröfu fram, að þeim ákveð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sje framfylgt í fullum strangleika.

Með því að frávísunardómur merkjadómsins hefur ekki hinn allra minnsta snefil af löglegum rökum við að styðjast, en gengur þvert ofan í dóm hins háa landsyfirrjettar, sem er þó fullljós — og neitar bæjarstjórn Reykjavíkur um augljósan rjett, sem henni ber eptir úrskurði æðra dómstóls, verð jeg að krefjast þess, að dómendur verði látnir sæta laganna sektum fyrir rjettarneitun og fyrir mótþróa við hinn háa yfirdóm.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að gjöra þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði frávísunardómur verði úr gildi felldur, og málinu á ný heimvísað á kostnað dómenda til löglegrar dómsálegginger í aðalefninu; að dómendur þeir, er í stefnunni eru nefndir, verði, að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið apt[ur] til meðferðar innan hæfilegs frests, er yfirdómurinn tiltekur, t. d. 8 daga, að dómendur verði dæmdir í laganna sekt fyrir rjettarneitun og mótþróa við yfirrjettinn og hver um sig látnir sæta 200 króna sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögn, og loks, að dómendur verði in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan af mál-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skoti þessu leiðandi kostnað með 100 krónum
eða eptir rjettarins mati.
Jeg legg svo málið í dóm með fyrirvara.
Reykjavík 6. júlí 1891
Virðingarfyllst
Hannes Hafstein
Til Landsyfirdómsins
Framlagt í landsyfirdóminum 6. júlí 1891
Á. Thorsteinsson
settur

Nr. 18

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu
Hafnarfirði hinn 22. dag maímán. 1891.
Með heiðruðu brjefi, dags. 31. desbr. f. á. hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer dómsgjörðir yfirrjettarins í málum, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur höfðað gegn eiganda Bústaða kaupmanni H. Th. A. Thomsen útaf landamerkjum 1) milli Laugarness og Bústaða og 2) milli Klepps og Bústaða, ásamt undirrjettardómsgjörðum, og hafið þjer samkvæmt ákvæðum landsyfirrjettarins, sem dæmt hefur ógilda dóma þá, sem merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu hefur fellt í þessum málum, óskað þess, að merkjadómurinn taki mál þessi fyrir aptur til nýrrar dómsáleggingar í aðalefninu. Í tilefni af þessum tilmælum yðar átti jeg fund með meðdómendunum hinn 19. þ. m. hjer á skrifstofu minni og kvað dóm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urinn upp dóm í málum þessum þannig látandi, að málunum var vísað frá, og leyfi jeg mjer hjermeð að senda yður eptirrit af dóminum þessum, um leið og hin sendu skjöl endursendast.

Franz Siemsen

Til Bæjarfógetans í Reykjavík

Framlagt í landsyfirdóminum 6. júlí 1891
Á. Thorsteinsson
settur

Stefndi kaupmaður Thomsen mætti sjálfur, bað um 3 vikna frest og skjölin Ljeð.

Hinn stefndi undirdómari Franz Siemsen mætti fyrir sig og meðdómsmennina og bað um 3 vikna frest.

Rjetturinn veitti hinn umbeðna frest og Ljeði stefnda H. Th. A. Thomsen skjölin nr. 1-18, og skyldu hinir aðrir stefndu (dómsmenn) eiga aðgang hjá honum að nota skjölin á sama tíma.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Á. Thorsteinsson
settur

Ár 1891, mánudaginn hinn 27. júlímánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið nr. 18/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn stefndi undirdómari, sýslumaður Franz Siemsen mætti og skilaði aptur skjölum málsins nr. 1-18 og lagði fram nr. 19: vörn í málinu, dags. 25. þ. m. og nr. 20: útskrift úr dómabók Kjósar- og Gullbringusýslu (eptirrit af aukarjettardómi 31. ágúst 1886 í málinu: bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Eiríki Bjarnasyni á Eiði.) Lagði svo málið í dóm. Rjettarskjalið nr. 20 fylgir dómsgjörðum þessum in originali en nr. 19 hljóðar svo:

Nr. 19:

Vörn

í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen

útaf landamerkjum milli Laugarness og Bústaða.

Um leið og jeg hjermeð skila aptur hinum heiðraða rjetti skjölum máls þessa, sem hinum stefnda í því hafa verið ljeð, skal jeg fyrir mína og meðdómenda hönd leyfa mjer að taka til andsvara í því.

Jeg hef leyft mjer at breyta fyrirsögn málsins einsog hún er í sóknarskjali umboðsmanns áfrýjanda, þarsem jeg eigi álít, að bæjarstjórn Reykjavíkur sje eigandi Laugarness.

Með landsyfirrjettarstefnu, útgefinni 30. maí þ. á., hefur bæjarfógeti Halldór Daníelsson fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík – eptir ósk eptir fyrirlagi umboðsmannsins hjer fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirdómi — stefnt mjer ásamt meddómsmönnum til að svara til sakar og dóm að þola til hegningar m. fl. af þeim ástæðum:

1. að vjer með merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 19. maí þ. á. vísuðum frá máli útaf ágreiningi um landamerki milli Laugarness og Bústaða, en merkjadómur í því, sem uppkveðinn var hinn 28. dag júnímánaðar f. á., hafði verið dæmdur ógildur af landsyfirdómi, með dómi uppkveðnum hinn 8. desbr. f. á., og málinu vísað heim aptur í hjerað. Hefur umboðsmaðurinn í þessu efni krafist, að vjer verðum látnir sæta lagamna sektum fyrir rjettarneitun, og að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið aptur til meðferðar innan hæfilegs frests, er yfirdómurinn tiltekur, t. d. 8 daga.

2. að vjer verðum látnir sæta, hver um sig, sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögninni.

Svo hefur hinn sami umboðsmaður krafist, að dómendurnir verði in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan af málskoti þessu leiðandi kostnað með 100 krónum eða eptir rjettarins mati.

ad. 1. Umboðsmaður áfrýjanda kemst svo að orði í sóknarskjali sínu, dags. 6. þ. m.: „Með því að frávísunardómur merkjadómsins hefur ekki hinn minnsta snefil af löglegum rökum við að styðj-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ast" etc.

Jeg skal leyfa mjer að leggja fram fyrir hinn heiðraða rjett eptirrit af dómi merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 31. ágúst 1886 í máli, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hafði höfðað gegn Eiríki Bjarnasyni á Eiði útaf ágreiningi um landamerki. Samkvæmt dómi þessum var málinu frávísað af þeim ástæðum að dómurinn eigi væri bær um að dæma um mál þetta í aðalefninu, og í forsendum dómsins er m. a. svo að orði komizt: "og með því það enn fremur er álit merkjadómsins, að enginn dómur sje að lögum bær um að dæma tvívegis um mál í aðalefni þess, nema því að eins, að hinn eldri dómur hafi verið ónýttur af formlegum ástæðum — en það á sjer eigi stað hjer — þá hafa dómendurnir í máli þessu komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir sjeu óbærir að dæma um mál þetta að nýju í aðalefni þess samkvæmt fyrirmælum landsyfirrjettardómsins og að málinu beri að frávísa". Dómsforseti í þessum dómi var hinn núverandi 1. yfirdómari og þar sem þessi dómur er byggður á hinni sömu frávísunarástæðu og dómur vor, sem nú er áfrýjaður, þá er hnífilyrðum þeim og óvirðingarummælum, sem umboðsmaður áfrýjanda leyfir sjer að við hafa um oss eða vorn dóm, einnig beint að yfirdómaranum og þeim, sem sátu í dómi með honum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo þeir einnig geta tekið þessi ummæli til sín. Þessum dómi hefur eigi verið áfrýjað, enda er það eigi hægt hjeðanaf; ástæðan fyrir því, að það eigi hefur verið gjört gæti hugsast að væri sú, að það hefði þurft landritarann til að koma fyrir bæjarstjórnina vitinu. Þarsem vjer höfdum þennan óraskaða dóm fyrir oss, álitum vjer, að vjer — þrátt fyrir ummæli umboðsmannsins — hefðum fullgilda ástæðu til að byggja dóm vorn á honum, úr því vjer alveg gátum fallizt á úrslit hans og ástæður. Þarsem tekið er fram í 12. grein landamerkjalaganna, að yfirdómur geti ónýtt landamerkjadóm, og skuli þá vísa málinu heim aptur, þá skil jeg þá ákvörðun þannig, að sami merkjadómurinn sje ekki bær um að dæma málið aptur, sje dómurinn ónýttur að aðalefninu til, nema ný skjöl hafi verið lögð fram fyrir yfirdómi, sem eigi hafa legið fyrir merkjadómi og yfirdómurinn áliti að þau sjeu þess eðlis, að þau geti breytt úrslitum málsins, en jeg fæ eigi sjeð, að tilætlunin með heimvísuninni geti verið sú, að sami dómsforseti og meðdómsmenn eigi að dæma málið á ný í aðalefninu, hafandi fyrir sjer hin sömu skjöl og áður. Nú getur verið að yfirdómurinn hafi tilætlazt, að aðrir dómendur dæmdu mál þetta, en þá skal þess getið, að í brjefi bæjarfógetans til mín, dags. 31. desbr. f. á. er jeg beðinn um að taka þetta mál til nýrrar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dómsáleggingar með hlutadeigandi meðdóms-
mönnum. Sá „Proces“, sem innleiddur er
með landamerkjalögunum 17/3 1882, er alveg sjer-
staks eðlis, einsog þeir verða að játa, sem við
þau fást. Aðal-atriðið í honum er merkja-
gangan, sem fram á að fara í viðurvist dóm-
enda og málsaðila eða umboðsmanna þeirra.
Við hana hafa dómendur nákvæmlega kynnt
sjer landsháttu og hið umþráttaða land, og
byggja því eðlilega dóm sinn á því "Indtryk", sem
þeir fá við það, með hæfilegu tilliti til þeirra gagna
og skilríkja, sem framkoma af hendi málsparta
og krafa þeirra, er þeir byggja á þeim. Sjeu kröf-
ur þær, sem þeir hafa gjört, hver um sig, þess eðlis,
að merkjadómurinn, eptir því áliti, sem hann hef-
ur fengið við merkjagönguna, eigi getur fallist
á þær, þá virðist vera tvennt að gjöra, annað-
hvort að frávísa málinu, eða þá skipta þrætu-
landinu með hæfilegu tilliti til krafa máls-
parta, en hið síðara hefur merkjadómurinn, eins-
og kunnugt er, gjört í þessu máli: Ástæðan fyrir
því að vjer gjörðum það, eða ætluðum, að vjer
hefðum heimild til þess, var sú, að merkjadóm-
ur hjer í sýslu hefur gjört hið sama í máli um
landamerki Árbæjar og Ártúns, en sá dómur, sem
uppkveðinn var 1885, hefur eigi verið áfrýjað,
þótt báðir málspartar væru lögfróðir menn, sem-
sje sýslumaður B. Sveinsson og yfirkennari og bæjar-
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúi H. Kr. Friðriksson. Það er rjett, að yfirhöfuð er dómur bundinn við kröfur málsparta, eða þeir eru "raadige over Processen", en landamerkjalögin virðast hafa gjört breytingu á þessu, því ef merkjadómurinn eingöngu væri bundinn við kröfur málsparta, þá virðist merkjaganga að vera að miklu leyti þýðingarlaus, en þó er auðsjáanlega meining laganna, að mest eigi að byggja á henni. Þessa skoðun mína hef jeg leyft mjer að framsetja fyrir hinn háa landsyfirdóm til að verja þá skoðun, er merkjadómurinn hafði á landamerkjalögunum, er hann skipti þrætulandinu í þessu máli. Svo skal jeg leyfa mjer að mótmæla fastlega kröfum umboðsmanns áfrýjanda sub nr. 1 og jafnframt leyfa mjer að gjöra þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að yfirdómurinn áliti, að hinir sömu dómendur dæmi ekki mál þetta á ný að aðalefni þess.

ad 2. Þá hefur umboðsmaður áfrýjanda krafist þess, að jeg ásamt meðdómsmönnum verðum dæmdir hver um sig í 200 króna sekt eptir fyrirmælum N. L. 1. 5. 8, sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögn í málinu.

Þessari kröfu verður eðlilega beint að mjer einum sem dómsforseta, en eigi að meðdómsmönnum. Að vísu er í § 23 i. f. í tilsk. 3/6 1796 tekið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram, að hver dómenda eigi að greiða sekt þessa, en þar er aptur gjört ráð fyrir, að allir dómendur sjeu lögfróðir menn, en öðru máli er að gegna í landamerkjamálum, þarsem meðdómsmenn eiga að vera bændur, og eru því undantekningarlaust — að minnsta kosti hjer á landi — ólögfróðir menn; virtist því mjög ósanngjarnt að heimta, að þeir eigi að þekkja lög eða vera lögfróðir. En mjer sjálfum til afsökunar skal jeg leyfa mjer að taka fram:

Í landamerkjalögunum, sbr. 10. grein, er gjört ráð fyrir, að dóm eigi að uppkveða um landamerki þegar í stað, með öðrum orðum, þau lög hafa með öðrum nýmælum, er í þeim finnast, eptir mínu áliti numið úr gildi, að því er snertir landamerkjamál, fyrirmælin í N. L. 1. 5. 8, sbr. tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. með því að ákveða, að dóm eigi að uppkveða in continenti og á þegar að setja landamerki glögg sem hann ákveður. Þegar nú aptur á móti landamerkjadómur er ónýttur í landsyfirrjetti og honum vísað heim aptur í hjerað, þá er hvergi í lögunum tiltekið, innan hvers tíma dómur ætti að kveðast upp í málinu á ný. Ef hjer ætti að koma við fyrirmælum 1. 5. 8. sbr. 23. grein í tilsk. 3/6 1796, þá ætti að taka málið upp til dóms í merkjadómi að nýju, og ef til vill kalla saman málsparta. Þessa hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi verið krafist og það því eigi verið gjört,
og þá sjeð jeg af að kalla saman dómsmenn,
er mjer og þeim var hentugt, og á þeim tíma,
er var kostnaðarminnst fyrir málsparta. Eins
og þeim, sem skipaðir eru, eða hafa verið yfir erfið-
um sýslum, sem Kjósar- og Gullbringusýsla verð-
ur að teljast, hlýtur að vera kunnugt, eru fyrstu
mánuðirnir á árinu sá erfiðasti tími fyrir
embættismanninn; þeir ganga svo að segja ein-
göngu til reikningaskila, og þegar búið er að
ljúka því af sjer, er farið að búa út manntals-
bókina og undirbúa sýslunefndarfund. Eins
og menn muna, voru einnig fyrstu mánuðina á
árinu sífelldar rigningar, svo illt var að kom-
ast yfir jörðina; þar við bættist, að einn með-
dómsmaðurinn, Þórður Guðmundsson frá Neðra-
Hálsi, var farinn til sjóróðra, og þótti mjer sárt
að þurfa að stefna honum í merkjadóm á miðri
vertíð og við það ef til vill valda því, að skip
hans kæmist eigi á sjó þann tíma, er hann sat
í merkjadómi. Þarsem eigi var langt til sýslu-
nefndarfundar, en tveir af meðdómsmönnum eru
sýslunefndarmenn, þá áleit jeg hentugast að sam-
eina þetta tvennt, svo kostnaðurinn yrði sem
minnstur, og meðdómsmenn yrðu eigi ónáðaðir að
heiman optar, en nauðsynlegt væri. Boðaði jeg
þá meðdómsmenn á fund hjer hjá mjer hinn
19. maí þ. á., en sýslunefndarfundur var hinn 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

s. m. Við þetta varð kostnaðurinn í þessu máli alls 14 krónur. Þótt nú bæjarstjórn Reykjavíkur hafi gnægtir af fje, til að leggja í þetta mál og önnur, þá er það samt skylda dómsmanna að baka eigi málsjörtum óþarfan kostnað. Samkvæmt framansögðu skal jeg leyfa mjer að mótmæla einnig þessari sektar-kröfu umboðsmanns áfrýjanda og gjöra þá rjettarkröfu til hins háa yfirdóms, að jeg og meðdómsmenn verðum dæmdir sýknir af henni.

Það væri synd að segja, að umboðsmaður áfrýjanda sje lítillátur í málskostnaðarkröfu sinni, þarsem hann heimtar 100 krónur í máli þessu og aðrar 100 krónur í málinu milli Klepps og Bústaða. Frágangur hans á sóknarskjalinu ber að vísu ljóslegan vott um, að hann hafi vandað hann vel og að það hafi tekið talsverðan tíma fyrir hann að koma því af sjer, en þrátt fyrir það, skal jeg leyfa mjer fyrir mína og meðdómenda hönd að mótmæla allri málskostnaðarkröfu af hans hendi, þarsem jeg verð að álíta, að áfrýjun máls þessa sje alveg ástæðulaus og virðist, um leið og jeg vísa til sóknarskjala umboðsmanns áfrýjanda, vera sprottin af gremju eða þesskonar tilfinningu gagnvart mjer og meðdómsmönnum.

Að þessu sinni skal jeg eigi fara fleirum orðum um mál þetta, en leyfa mjer að gjöra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þær rjettarkröfur:

1. að jeg og meðdómsmenn í máli þessu verðum algjörlega dæmdir sýknir af kærum umboðsmanns áfrýjanda í máli þessu og
2. að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara.

Virðingarfyllst

Hafnarfirði hinn 25. júlí 1891

Franz Siemsen

Til hins konunglega landsyfirdóms

Lagt fram í landsyfirdóminum 27. júlí 1891.

Jón Jensson

Af hendi hinna stefndu meðdómsmanna mætti yfirrjettarmálaflutningsmaður Ásmundur Sveinsson og lagði fram nr. 21: vörn af þeirra hendi, dags. 27. þ.m., er hljóðar svo:

Nr. 21:

Þarsem hinn heiðraði sækjandi þessa máls fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík krefst þess, að við undirskrifaðir meðdómendur í máli því, sem bæjarstjórn Reykjavíkur höfðaði gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen sem eiganda jarðarinnar Bústaða útúr landamerkjum millum nefndrar jarðar og Klepps (sic), verðum sektaðir fyrir rjettarneitun og ólöglegan drátt á málinu, þá skulum vjer geta þess, að við fáum eigi sjeð ástæðuna fyrir kröfu þessari. Vjer getum eigi sjeð, að hjer sje um nokkra rjettar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

neitun að ráða, þótt vjer komumst að þeirri niðurstöðu í dómum vorum, að málinu ætti að frávísa; vjer höfum þá felldt dóm í málinu eptir vorri beztu þekkingu, að því skyldi frávísa, en vjer höfum alls eigi neitað að kveða upp dóm í því; að öðru leyti treystum vjer því, að sá sem hefur aðalvörn málsins á hendi, muni svara þessu atriði í sókn málsins eins fyrir vora hönd, einsog fyrir hönd sýslumanns Franz Siemsens, forseta merkjadómsins.

En er ræða er um sekt fyrir drátt á málinu, þá vonumst vjer þess fastlega, að oss verði alls engin sök á því gefin, og vjer verðum dæmdir sýknir saka í því efni, og til þess að sýna, að vjer enga sök höfum í drætti málsins fram yfir lögboðinn tíma, leyfum vjer oss að geta þess, að vjer alls enga tilkynningu fengum um það, að vjer ættum að kveða upp dóm í málinu, fyr en í apríl- og maímánaðarmót í vor, að sýslumaðurinn bauð oss með brjefi 27. dag aprílmánaðar þ. á. að koma á fund sinn í Hafnarfirði 19. dag maímánaðar næst á eptir, sem vjer og gjörðum. Á því er auðsjeð, að vjer höfum enga sök á drætti málsins, þarsem vjer komum fram af forseta rjettarins ákveðna dag til að leggja dóm á málið; en auk þess höfðum vjer alls enga ástæðu til að skora á forsetann að taka málið fyr fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til dómsáleggingar, þarsem vjer enga tilkynn-
ingu höfdum fengid hvorki frá sýslumannin-
um eda öðrum hlutadeigendum um það, að
landsyfirrjetturinn hefdi vísað málinu heim
aptur til nýrrar dómsáleggingar, eda hvenær að
málsaðilar hefdu sent þennan yfirrjettardóm
til hlutadeigandi sýslumanns. Vjer höfdum
þannig, einsog vjer höfum tekið fram, alls enga
hvöt eda ástæðu til þess, að grennslast eptir
þessu, eda taka oss fram um málið, þótt vjer
hefdum vitað, að svo há sekt lægi við drætt-
inum, sem sækjandi heimtar oss dæmda í,
enda hefdi það eigi orðið heimtað af oss ólög-
fróðum bændum, og sem þar að auki eigi höf-
um notið neinnar sjerstakrar menntunar, að
vjer skyldum vita slíkt. Oss var heldur alls eigi
sent málið til yfirlesturs og íhugunar, og
vjer vissum ekkert um landsyfirrjettardóminn
annað en það, sem stendur í brjefi forseta rjett-
arins, fyr en vjer komum á fundinn 19. dag
maímánaðar.

Vjer leyfum oss að leggja hjermeð brjef sýslu-
mannsins 27. apríl þ. á. til eins okkar, til
sönnunar sögn vorri, en öll brjefin eru dagsett sama
daginn.

Jafnframt og vjer að ödru leyti verdum að
treysta því, að sýslumaðurinn eda sá, sem flyt-
ur málið fyrir hans hönd, taki og málstað vorn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í öðrum atriðum málsins, verðum vjer að treysta því, að hinn hái rjettur dæmi oss sýkna af öllum kærum og kröfum sækjanda um sekt-in fyrir rjettarneitun og drátt á málinu.

Staddir í Leirvogstungu 27. júní 1891

Þ. Runólfsson G. Gíslason Halld. Jónsson
Þórðr Guðmundsson

Til Landsyfirdómsins á Íslandi.

Framlagt í landsyfirdóminum 27. júlí 1891
Jón Jensson

Hinn stefndi kaupmaður H. Th. A. Thomsen mætti einnig, fyrir sína hönd, og lagði fram nr. 22-23: vörn í málinu, dags. idag, ásamt eptirriti af uppdrætti yfir þrætulandið, sem hann sýndi jafnframt frumritið af í rjettinum. Lagði svo málið í dóm. Uppdráttar-eptirritið (nr. 23) fylgir dómsgjörðinni en nr. 22 (vörnin) er svohljóðandi:

Nr. 22:

Vörn í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
sem eigandi Laugarness
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Þegar jeg á að svara í máli þessu, þá get jeg með engu móti sjeð, hvers vegna eða af hverjum ástæð-um mjer er stefnt í máli þessu, einsog það liggur fyrir. Nú er í rauninni eigi um annað að ræða en það, hvort landamerkjadómendurnir hafi gjört rjett í því, að kveða eigi upp dóm um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðalatriði málsins, úr því að hinn fyrri dómur þeirra var ómerkur dæmdur. Hjer er alls eigi í rauninni að ræða um rjettindi mín til hins umþráttaða lands, heldur einungis aðferð dómendanna.

Jeg hef alls engan þátt átt í því, að dómendurnir gjetu málið lengur liggja hjá sjer, en mótpartinum þykir hæfilegt; og af því getur alls eigi leitt, að jeg verði dæmdur í neina sekt fyrir það.

Eigi hef jeg heldur átt neinn þátt í því, að landamerkjadómendurnir hafa frávísað málinu. Engan hag hef jeg eða get haft af því; það er dómendanna að skera úr því. Jeg fæ eigi betur sjeð en að málið, eins og það nú liggur fyrir, hljóti einungis að vera gegn dómendunum og komi mjer alls eigi við, og jeg verði með engu móti dæmdur til neins kostnaðar í þessu máli, og verði því að dæmast sýkn allra saka, en mótparturinn verði þvert á móti að greiða mjer hæfilegan málskostnað, úr því mjer er að ófyrirsynju stefnt. En úr því mjer er stefnt, vona jeg til að mjer sje leyfilegt að gjöra nokkrar athugasemdir viðvíkjandi aðalefni þess máls, sem þetta mál er risið af.

Þarsem jeg sje, að yfirdómurinn hefur í ástæðunum fyrir dómi sínum 8. desember f.á. að nokkru leyti kveðið á um, hvernig landamerkjadómurinn hefði átt að hljóða, og niðurstaðan gætir því

hefdi orðið hin sama, einsog yfirrjetturinn hefði kveðið upp dóm um efni málsins (Sagens Realitet), þá leyfi jeg mjer að leggja fram nýjan uppdrátt yfir Bústaðaland, sem búfræðingur Sveinn Sveinsson á Hvanneyri hefur gjört. Sveinn hefur bæði lært að gjöra slíka uppdrætti, enda hefur bæjarstjórn Reykjavíkur látið hann áður búa til uppdrætti yfir Reykjavík og land hennar, og sýnt með því, að hún telur hann í alla staði áreiðanlegan í því efni. Uppdráttur þessi sýnir ljóslega hversu skökk lýsingin á landamerkjunum er hjá vitnum bæjarstjórnarinnar. Bæði jeg og mótpartur minn erum sammála um það, að landamerki millum Bústaða og Laugarness gangi frá Bústaðaborg í stein nokkurn í vestur og suður frá Bústaðaborg, en steinn sá, sem vitnin benti á, Söðulsteinn, stendur fyrir austan og sunnan Bústaðaborg, og þessvegna vildi eigi málaflutningsmaður Reykjavíkur eða gat eigi fyrir merkjadómnum haldið sjer við skýrslu vitnanna, en tók til sjálfur stein, sem skyldi vera merkjasteinn, sem enga stoð hafði í vitnaskýrslunum. Af því leiðir, að þarsem skýrslur vitnanna um, hvað vitnin hefðu heyrt aðra segja um landamerkin eigi eru tekin (sic) til greina í eina áttina, þá geta skýrslur þeirra yfir höfuð enga þýðingu haft. Það er svo margt sagt, sem ekkert verður á byggt sem sönnun. Af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppdrættinum er það ennfremur ljóst, að mikill hluti af hinum vestlægusta umgirta stykkjum, sem girt voru 1848-49 af föður mínum sálugu, án þess að nokkur mótmæli kæmu gegn umgirðingunni frá eiganda eða ábúanda Laugarness, og sem faðir minn fyrst og síðan jeg höfum notað í 42-43 ár mótmælalaust, er tekin frá Bústöðum. Hefur þá óátalin brúkun í 42-43 ár alls enga þýðingu, en hvert á móti lausar sögusagnir um hvað menn hafi heyrt þullt sönnunarafl? Og þessar skýrslur vitnanna rjett á undan um Sölvstein, um hvað þau hafi heyrt, að einhverntíma hafi átt sjer stað, hefur sá, sem vitnin leiddi, eigi getað notað. Uppdrátt þann, sem málaflutningsmaður Reykjavíkur lagði fram fyrir merkjadóminum, hef jeg aldrei viðurkennt rjettan, og landamerkjadómarinn sjálfur sagði, að hann væri eigi rjettur að því er snerti stefnu landamerkjanna, en þóttist þó geta notað hann að einhverju leyti til að átta sig á merkjunum, með því að dómararnir gengu sjálfir á merkin og gátu þannig fengið ljósa hugmynd um hið rjetta.

Jeg skal eigi orðlengja meira um málið að sinni, en gjöri þá

Rjettarkröfu:

1. að jeg verði dæmdur sýkn sakar í þessu

máli, en mótparturinn dæmdur til að greiða mjer hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins,

2. að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Legg jeg svo málið í dóm, þó með fyrirvara til andsvara.

Reykjavík 27. júlímánaðar 1891

Sóknarfyllst

H. Th. A. Thomsen

Til hins íslenzka yfirdóms

Lagt fram í yfirdóminum 27. júlí 1891

Jón Jensson

Umboðsmaður áfrýjanda mætti, bað um hálfsmánaðar frest og skjölin lèð, og var það veitt.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Ár 1891, mánudaginn hinn 10. ágústmánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið

málið nr. 18/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
H. Th. A. Thomsen

Umboðsmaður áfrýjanda mætti, skilaði aptur skjölum málsins nr. 1-23 og lagði fram nr. 24: framhald sóknar, dags. í dag. Lagði svo málið í dóm. Hið framlagða skjal hljóðar svo:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 24:

Framhald sóknar
í málinu Bæjarstjórn Reykjavíkur
sem eigandi Laugarness
gegn
H. Th. A. Thomsen og merkjadóm-
endum í Kjósar og Gullbringusýslu

Jeg þakka fyrir lánið á skjölunum, og skal jeg ekki verða langorður útaf varnarskjala-þrenningunni. Það spursmál, hvort yfirdómurinn hefur vísað málinu heim til nýrrar dómsálegginar í efni þess, eða til þess að því yrði vísað frá aptur, virðist liggja svo ótvírætt og auðsjört fyrir, að engin þörf getur verið á að eyða um það mörgum orðum; það eitt, hvort merkjadómurinn hefur rjett til að vísa málinu frá sjer af þeirri ástæðu sem hann hefur gjört, er hjer aðalatriðið, og hafi hann ekki rjett til slíkrar frávísunar, þá er annað meginatriði, að fá hann skyldaðan til að uppkveða dóm innan hæfilegs tíma. Hitt er minna um vert, og alls ekkert áhugamál, hvort dómendur verða látnir sæta nokkrum refsisektum eða ekki, og hefur þess aðeins verið krafist til þess að fylgja lögunum, en alls ekki af neinum gremjuhug, því síður, að öll áfrýjan þessa máls sje sprottin af óvild, einsog sýslumaðurinn í niðurlagi innleggs síns gefur í skyn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mjer hefur aldrei dottið í hug, að merkjadómurinn hafi dæmt öðruvísi en eptir beztu þekking og samvizku, en það ekki einhlítt. Ekki get jeg fundið mig neitt slegin af þessum gamla dómi, sem sýslumaður hefur lagt fram sjer til styrknings, þvíað bæði byggir hann jafnframt á allt öðrum ástæðum heldur en hinn áfrýjaði dómur, og þóað honum hafi ekki verið áfrýjað, þá hefur hann alls eigi neins konar lagagildi í þessu máli. Hinn háttvirti yfirdómari, sem sýslumaður beinir máli sínu að, er ekki skuldbundinn til að framfylgja sem assessor öllum skoðunum er komið fram í gömlum merkjadómum, er hann hefur átt sæti í sem sýslumaður, og áliti hann sig hafa præjudicerað sig, efast jeg ekki um, að hann taki heldur þann kost af tvennu, að víkja sæti ex officio, heldur en að byggja nýjan dóm á því præjudicati. Jeg skil því varla, að neitt gagn geti orðið fyrir undirdómarann að framlagning þessa skjals.

Jeg efast ekki um, að merkjadómendurnir segi satt, að því er snertir dráttinn á uppsögn dómsins, og afsakanir sýslumannsins tek jeg fyrir mitt leyti gildar með þeirri athugasemd, að jeg get þó ómögulega verið honum samdóma um það, að tilsk. 3. júní 1796 § 23 i. f. sje upphafin með landamerkjalögunum. Jeg hef þannig

fyrir mitt leyti ekkert á móti því að öllum dómendunum verði hlíft við öllum refsisektum, ef þess er kostur, en hinu verð jeg að halda fram, að einsög málið lá fyrir, þegar frávísunardómurinn kom eptir svo langan tíma, varð ekki hjá því komist að stefna dómendum til ábyrgðar, í fyrsta lagi til þess að bera málskostnað við uppsögn hins áfrýjaða dóms, áfrýjun og nýja fyrirtekt málsins, með því að málsaðili H. Th. A. Thomsen hafði alls ekki valdið neinu, og í öðru lagi til að fá þvingunarsektir ákvarðaðar til að tryggja nýja fyrirtekt málsins innan hæfilegs frests. Dómendur geta því ekki með rjettu kvartað yfir því, að þeir hafi verið ómakaðir með stefnunni, enda hafa þeir ekki gjört það, hvorki berum orðum nje með neinni málskostnaðarkröfu, hvorki sýslumaðurinn eða hinir dómsmennirnir, nema hvað herra sýslumaðurinn álítur áfrýjunina sprottna af óvild til sín, og gjörir mjer persónulega þá ósk, að allt hafi verið gjört eptir fyrirlagi mínu. Þar við hef jeg aðeins það að athuga, að áfrýjunin var nauðsyn, og jeg veit ekki til að jeg beri neina gremju eða óvild til hans persónulega. Að taka að mjer áfrýjun málsins var skylda mín, úr því jeg var til þess kvaddur og settur til málfærslu starfa.

Jeg skil ekki hvað mótpartur minn, herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kaupmaður H. Th. A. Thomsen oneinar með því að leggja fram landamerkjauppdrátt til upplýsingar um hið fyrirliggjandi spursmál – hvort merkjadómur eigi rjett á að frávísa máli af þeirri ástæðu, sem hjer er gjört. Uppdrátturinn er sjálfsagt vandaður að ýmsu, en þó er hann ekki nema óstaðfest copie, og hlýt jeg að mótmæla bæði framlagning hans á þessu stigi málsins, svona án leyfisbrjefs eða nokkurrar átyllu, og einnig uppdrættinum sjálfum, sem, eptir því er virðist, er ónákvæmur og rangur eða villandi í sumum atriðum.

Að því er snertir þá mótbáru sama, að áfrýjun þessi komi sjer ekkert við, svo að hann af þeirri ástæðu eigi að fá málskostnað, skal jeg benda á, að hann hefur þó þókst hafa gagn af því, ef dómurinn gæti orðið staðfestur, og því gert þaraðlútandi kröfu. Að öðru leyti liggur það í augum uppi, að það er sjálfsagt að stefna honum sem aðalmálsaðila, þegar þessu einkamáli hans er áfrýjað í þeim tilgangi, að koma því á rjettan rekspöl, að dómurinn í aðalefninu verði honum minna í hag.

Allt það, sem hann tekur fram um merkin og efni málsins, er óviðkomandi á þessu stigi, og mótmæli jeg því, svo og málskostnaðarkröfu hans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að svo mæltu mótmæli jeg öllu því, sem fram er komið til rjettlætingar hinum áfrýjaða dómi, skýrskota til þess, sem jeg áður hef framfært, held föstum rjettarkröfum mínum, sbr. þó það sem hjer að framan er sagt um refsisektirnar, og legg málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík, 10. ágúst 1891

Virðingarfyllst

Hannes Hafstein

Til Landsyfirdómsins

Framlagt í yfirdóminum 10. ágúst 1891

Jón Jensson

Hinir stefndu voru einnig mættir, mótmæltu sóknarframhaldi áfrýjandans, skýrskotuðu til þess er þeir höfðu áður framfært og lögðu málið í dóm. Málið tekið undir dóm.

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

Ár 1891, mánudaginn hinn 21. septembermánaðar var landsyfirdómurinn settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá fyrir tekið

málið nr. 18/1891: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

H. Th. A. Thomsen og merkjadómendum, sýslumanni Franz Siemsen og bændunum Gísla Gíslasyni, Halldóri Jóns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir Þórði Runólfssyni
og Þórði Guðmundssyni
og var í því uppkveðinn svofelldur

Dómur:

Sakir ágreinings um landamerki milli Laugarness og Bústaða í Seltjarnarneshreppi höfðaði bæjarstjórnin í Reykjavík, sem umráðandi hinnar fyrnefndu jarðar merkjamál gegn eiganda Bústaða, hinum stefnda kaupmanni W. Th. S. Thomsen, og var dómur uppkveðinn í málinu í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 28. júní f.á. Þessum landamerkjadómi var áfrýjað, og var hann þá með dómi yfirrjettarins 8. desembermánaðar 1890 felldur úr gildi og málinu heimvísað fyrir þá skuld, að landamerkjadómurinn hafði eigi tekið nægilegt tillit til nokkurra vitnisburða, er framkomnir í málinu, og sem álitust af yfirdóminum gefa fulla sönnun fyrir því, hvar "Klofningssteinar", sem er eitt aðalmerki í þessu landamerkjamáli, væru, og fyrir aðalstefnu merkjanna upp og norður frá þeim. Hinn 31. desbrmán. f.á. voru formanni merkjadómsins, sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, afhent skjöl málsins ásamt áðurnefndum yfirrjettardómi, og var þess jafnframt af hálfu bæjarstjórnarinnar krafist, að merkjadómurinn nú aptur kvæði upp dóm um þessa merkja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

prestu. Merkjadómurinn tók þó málið eigi fyrir fyr en 19. maímánaðar þ.á. og var þá uppkveðinn dómur í sökinni af nýju á þá leið, að málinu var vísað frá merkjadóminum, og að hvor málsaðila var dæmdur til að greiða 14 krónur í málskostnað. Í dóminum er tilgreint sem ástæða fyrir úrslitum málsins, að merkjadómurinn verði að vera þeirrar skoðunar, að hinn sami dómur eptir almennum rjettarfarsreglum hvorki hafi heimild til nje sje bær um að fella tvisvar dóm í sama málinu um aðalefni þess. Þessum merkjadómi hefur bæjarstjórn Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. maímánaðar þ.á. og gjört þær rjettarkröfur, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu heimvísað til löglegrar dómsálegginga í aðalefninu á kostnað dómenda, að dómendurnir í merkjadóminum verði að viðlögðum daglegum þvingunarsektum skyldaðir til að taka málið aptur til meðferðar innan hæfilegs fresti, t.d. 8 daga, að þeir verði dæmdir í sekti fyrir rjettarneitun og mótþróa og hver um sig látnir sæta 200 króna sekt fyrir óhæfilegan drátt á dómsuppsögn, og loks að dómendurnir verði annaðhvort in solidum eða in solidum ásamt málsaðila H. Th. A. Thomsen dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins með 100 krón-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um eða eptir rjettarins mati.

Kaupmaður H. Th. A. Thomsen, sem er stefnd-ur í máli þessu, hefur krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn saka, að mótpartur-inn verði dæmdur til að greiða honum hæfi-legan málskostnað eptir mati rjettarins, og að hinn áfrýjaði dómur verði stað-festur.

Hinir stefndu dómendur hafa einnig kraf-izt þess, að þeir verði algjörlega sýknaðir í mál-inu og að hinn áfrýjaði dómur verði stað-festur.

Samkvæmt landamerkjalögunum 17. marz-mánaðar 1882 er það lögmætt, að yfirrjett-ur ónýti dómsúrskurð landamerkja-dóms og heimvísi honum sökum lögleysu að efni til. Um leið og yfirdómurinn sam-kvæmt þessum lögum ómerkti og heim-vísaði merkjadómi Kjósar- og Gullbringu-sýslu, þeim sem hjer um ræðir, var skarlega tekið fram, hver lögleysan í dómnum var, og með því gefin nægileg leiðbeining um, hvernig merkjadómurinn ætti að fara með þetta málsatvik við dómsuppsögn af nýju. Þarsem nú merkjadómurinn alls að einu eigi hefur farið eptir þessari leiðbein-ingu, en vísað málinu frá sjer, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og skylda merkjadómend-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

urna til að dæma málið í aðalefninu, en þó þykir eigi ástæða til þess að ákveða dómendunum frest til þessa nje leggja þrengunarsektir við eptir kröfu áfrýjanda.

Umboðsmaður áfrýjanda hefur undir rekstri málsins fallið frá kröfu sinni um sekt á hendur dómendum í undirrjettinum fyrir drátt á dómsuppsögn, mólþróa o. s. frv., og á hinn bóginn er eigi ástæða til þess að leggja þessa sekt á þessa dómendur ex officio.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 krónur og greiðist af merkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda, kaupmanns Thomsens, verðist eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu. Undirdómarinn Franz sýslumaður Siemsen, og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 krónur uppí málskostnað innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjetti slitið

L. E. Sveinbjörnsson Kristján Jónsson Jón Jensson

" " "

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er innsigli yfirdómsins og nafn justitiarii.

Reykjavík 7. dag októbermán. 1891.

Ritgjald Kr. 5.–
Staðfesting og innsiglun – 0.83
= Kr. 5.83
– fimm krónur áttatíu og þrír aurar
J. J.

L. E. Sveinbjörnsson

№ 5

Lagt fram í [illegible] Kjósar- og Gullbringusýslu 7/12 1891

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur